



Fundargerð Ársfundur 23. júní 2022

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar var haldinn fimmtudaginn 23. júní 2022 kl. 14:00. Dan Brynjarsson formaður stjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann stakk upp á sjálfum sér sem fundarstjóra og Önnu Lilju Gunnlaugsdóttur sem fundarritara. Í upphafi gerði hann grein fyrir boðun fundarins og komu engar athugasemdir fram og úrskurðaði hann fundinn því lögmatan. Var þá gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Dan fjallaði um starfsemi sjóðsins á árinu 2021. Í yfirferð hans kom fram að reksturinn hafi, eins og undanfarin ár, verið í föstum og traustum skorðum. Eignir voru metnar á gangvirði og er ársreikningurinn byggður á því og gefur glögga mynd af eignastöðu sjóðsins í árslok 2021. Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 14.569 milljónum króna og hækkaði um 8,0% frá fyrra ári.

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 13,5% og hrein raunávöxtun 8,0% samanborið við 11,2% nafnávöxtun og 7,4% raunávöxtun á árinu 2020. Meðalraunávöxtun sjóðsins sl. 5 ár er 5,1% og 4,7% ef horft er til síðustu 10 ára sem teljast má vel viðunandi.

2. Afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðileg úttekt

Framkvæmdastjóri, Jóhann Steinar Jóhannsson, gerði grein fyrir helstu þáttum ársreiknings; rekstri, efnahag og sjóðstreymi. Hann rakti iðgjaldapróun, fjölda greiðandi sjóðfélaga, lífeyrisgreiðslum og hvernig lífeyrisbyrði sjóðsins hefur þróast.

Að lokinni yfirferð um ársreikning gerði framkvæmdastjóri grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins m.v. athugun Bjarna Guðmundssonar tryggingastærðfræðings.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð um 41,2%. Því duga eignir sjóðsins fyrir um 59% af áföllnum skuldbindingum miðað við 2% ársvexti umfram launabreytingar. Skuldbindingar hækka töluvert vegna nýs spálíkans sem felur í sér aldursbundna dánartíðni.

Snæbjörn Sigurðarson spurði hvort andlát tengd Covid hefðu mælanleg áhrif hjá sjóðnum. Því er svarað til að breytingar þyrftu að vera varanlegar til þess að hafa áhrif á tryggingafræðilega stöðu en gætu hins vegar verið sýnilegri í aukinni örorku í framtíðinni.

Að loknum stuttum umræðum um ársreikninginn og tryggingafræðilega stöðu var reikningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða.

3. Kynning á fjárfestingarstefnu

Framkvæmdastjóri fór því næst yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins og ávöxtun síðasta árs. Hann ræddi m.a. ávöxtunar- og áhættumarkmið sjóðsins.

4. Stjórnarkjóri lýst

Fundarstjóri greindi frá skipan stjórnar LSA 2022-2026.

- Stjórnarformaður tilnefndur af bæjarstjórn: Dan Jens Brynjarsson, sviðsstjóri fjársýslusviðs Akureyrarbæjar

- Stjórnarmenn tilnefndir af bæjarstjórn: Gunnar Líndal Sigurðsson og Snæbjörn Sigurðarson
- Stjórnarmenn tilnefndir af Kili: Arna Jakobína Björnsdóttir og Hanna Rósa Sveinsdóttir
- Varamenn tilnefndir af bæjarstjórn: Halla Björk Reynisdóttir og Gunnar Már Gunnarsson
- Varamenn tilnefndir af Kili: Árni Egilsson og Hafdís Erna Ásbjarnardóttir

5. Kosning löggilts endurskoðanda

Fundarstjóri lagði fram tillögu stjórnar um að ytri endurskoðandi sjóðsins verði sá sami og fyrra ár í samræmi við tillögu endurskoðunarnefndar sjóðsins, þ.e. endurskoðunarfyrtækið ENOR. **Tillagan var samþykkt samhljóða.**

6. Samþykktarbreytingar

Engar tillögur til samþykktarbreytinga lágu fyrir þennan fund.

7. Ákvörðun um laun stjórnarmanna

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um að laun stjórnar og endurskoðunarnefndar yrðu í samræmi við það sem greitt er fyrir setu í stjórn og nefndum sjóðsins með sama hætti og fyrir setu í ráðum Akureyrarbæjar sbr. reglur sveitafélagsins þar um.

Tillaga stjórnar er því eftirfarandi:

- Stjórnarmenn: 54.186 fyrir hvern setinn fund
- Formaður stjórnar: 142.238 fyrir hvern setinn fund
- Varamaður: 54.186 fyrir hvern setinn fund
- Nefndarmenn: 54.186 fyrir hvern setinn fund

Tillagan var samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál

Að lokum þakkaði fundarstjóri starfsmönnum og stjórn fyrir gott samstarf á starfsárinu og á fundinum. Fráfarandi stjórnarmönnum var einnig sérstaklega þakkað gott samstarf og jafnframt nýir stjórnarmenn boðnir velkomnir til starfa. Aðrir stjórnarmenn tóku undir og þökkuðu hverjir öðrum fyrir samstarfið.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 14:30.

Fundarstjóri

Fundarritari

Dan Jens Brynjarsson

Anna Lilja Gunnlaugsdóttir